



Skóla- og frístundasvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. júní 2026
SFS26050011

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 11.6.2026 varðandi eftirfarandi mál:

SFS - Fyrirkomulag kennslu nemenda sem eru í innlögn á BUGL - til afgreiðslu

Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 8. júní 2026, þar sem óskað er eftir að sviðsstjóra sviðsins verði heimilað að gera þá breytingu á fyrirkomulagi kennslu nemenda sem eru í innlögn á BUGL að í stað þess að hún verði hluti af starfsemi Brúarskóla verði hún hluti af starfsemi Laugalækjarskóla og heyri undir skólastjóra þess skóla, ásamt fylgiskjölum. Breytingin tekur gildi 1. ágúst 2026. Samþykkt.

Steinn Jóhannsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík, 8. júní 2026
SFS26050011

Borgarráð

Tillaga varðandi fyrirkomulag kennslu nemenda sem eru í innlögn á BUGL

Óskað er eftir að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði heimilað að gera þá breytingu á fyrirkomulagi kennslu nemenda sem eru í innlögn á BUGL að í stað þess að hún verði hluti af starfsemi Brúarskóla verði hún hluti af starfsemi Laugalækjarskóla og heyri undir skólastjóra þess skóla. Breytingin tekur gildi 1. ágúst 2026.

Greinargerð:

Lagt er til að kennsla nemenda sem eru í innlögn á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss (BUGL) verði færð undir Laugalækjarskóla með það að markmiði að styrkja faglegt starf, skýra stjórnskipulag og bæta gæði þjónustunnar. Tillagan byggir bæði á niðurstöðum úttektar KPMG, dags. júní 2023 og á niðurstöðum funda á milli skólastjóra Brúarskóla, skrifstofustjóra fagskrifstofu, fagstjóra norðurmiðstöðvar og starfsfólks á Dalbraut.

Í núverandi fyrirkomulagi á Dalbraut fer í raun fram sjúkrakennsla án þess að starfsemin sé formlega skilgreind sem slík, sem veldur óskýrleika í hlutverki og ábyrgð. Þá er starfsemin að verulegu leyti ótengd Brúarskóla hvað varðar stjórnun og faglegt samstarf, sem hefur leitt til takmarkaðrar yfirsýnar skólastjóra og veikrar tengingar við stoðkerfi skólans.

Fjöldi áskorana kallar á breytingar, þar á meðal ófullnægjandi húsnæði, skortur á skýru og faglegu inntökuferli, og umgjörð sem er ekki í samræmi við forsendur skóla- og frístundasviðs. Einnig þarf að skerpa á samsetningu nemendahópsins, m.a. með tilliti til skiptingar milli sveitarfélaga og framhaldsskólastigs.

Samtal hefur verið við BUGL um að starfsemi Dalbrautarskóla verði færð undir Laugalækjarskóla en kennsla verði áfram í húsnæði Dalbrautarskóla. BUGL hefur kallað eftir að Reykjavíkurborg setji niður lausar einingar við spítalann vegna innvistarvanda í skólahúsnæði. Húsnæði skólans er komið til ára sinna og er þörf á endurbótum þar. Svarað hefur verið að skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar muni ekki kosta til við uppbyggingu skólahúsnæðis við Dalbraut.

Með því að færa starfsemina undir Laugalækjarskóla, sem er staðsettur í nágrenni við Dalbraut, skapast betri forsendur fyrir virkt faglegt samstarf, betri yfirsýn stjórnenda, skýrari umgjörð um starfið og markvissari nýtingu stöðugilda. Markmiðið er að tryggja að starfsemin sé í samræmi við kröfur skóla- og frístundasviðs og að nemendur fái samfellda og faglega þjónustu.



Starfsemin í Dalbraut

Í Dalbraut er sjúkrakennsla á BUGL. Þar fá börn sem eru innlögð á Barna- og unglingsgeðdeild sérhæft kennsluúræði. Um er að ræða sjúkrakennslu á meðan innlögnum varir. Kennslan fer fram í skólahúsnæði við Dalbraut.

Stöðugildin þar eru tvö í dag, listgreinakennari í 100% starfi og síðan deildarstjóri (kennsla 50% og stjórnun 50%). Gert er ráð fyrir að starfsfólk fái flutning á nýjan starfsstað, það er frá Brúarskóla til Laugalækjarskóla.

Deildarstjóri/kennarar eru í nánu samstarfi við fagaðila á BUGL

Almennt mæta nemendur í skólann klukkan 8.50 en það er þó breytilegt eftir aðstæðum hvers og eins. Nemendafjöldi við skólann er jafnframt mjög breytilegur. Í dag eru skráðir 5 nemendur við skólann. Fjöldi nemenda er þó einnig breytilegur eftir dögum.

Í 3. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað um sjúkrakennslu og jafnframt í 23. gr. [reglugerðar nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla](#).

Forsagan

Á fundi fræðsluráðs Reykjavíkur þann 9. maí 2003 voru samþykktar tillögur um ráðgjafarskóla fyrir nemendur í félagslegum og geðræðum vanda. Ein af þeim tillögum kvað á um að Ráðgjafarskólinn sjái um sjúkrakennslu samkvæmt reglugerð nr. 389/1996 fyrir nemendur sem eru á tímabundinni innlögnum á BUGL vegna geðræns vanda. Á fundinum var meðal annars lagður fram samningur Reykjavíkurborgar við Jöfnunarsjóð, dags. 19. desember 1997. Með samningi Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs, dags. 3. september 2012, var umræddur samningur felldur úr gildi.

Umsagnir skólaráða Brúarskóla og Laugalækjarskóla

Fyrir liggja umsagnir skólaráðs Brúarskóla, dags. 5. maí 2025 og skólaráðs Laugalækjarskóla, dags. 18. maí 2026, sjá meðfylgjandi.

Fjárhagsleg áhrif

Ekki er gert ráð fyrir að aukinn kostnaður hljóti af breytingunni og rúmast kostnaður innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Umsögn skólaráðs Brúarskóla, dags. 5. maí 2026

Umsögn skólaráðs Laugalækjarskóla, dags. 18. maí 2026



Reykjavík

Umsögn skólaráðs Brúarskóla vegna tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi fyrirkomulag kennslu nemenda sem eru í innlögn á BUGL

Þriðjudaginn 5 maí var tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi fyrirkomulag kennslu nemenda sem eru í innlögn á BUGL kynnt skólaráði Brúarskóla.

Annetta Helen Másdóttir og Auður Eva Ásberg Auðunsdóttir, fulltrúar foreldra í skólaráði samþykktu tillöguna án athugasemda.

Fulltrúar kennara og annara starfsmanna í Brúarskóla samþykkja framlagða tillögu en leggja ríka áherslu á að sérstaklega verði hugað að vali á húsnæði fyrir Dalbrautarskóla. Mikilvægt sé að húsnæðið sé staðsett í eða í beinum tengslum við BUGL, þannig að tryggt sé að hægt sé að kalla tafarlaust til viðbragðsteymis BUGL ef upp koma ofbeldisatvik eða önnur brýn mál sem krefjast skjótra viðbragða.

Jafnframt þarf húsnæðið að taka mið af þörfum viðkvæms nemendahóps sem á oft erfitt með að vera í návígi við nemendur annarra skóla. Umhverfið þarf því að vera rólegt, öruggt og aðlagð þannig að það styðji við velferð, öryggi og námsgetu nemenda.

Fyrir hönd skólaráðs Brúarskóla,

Ólafur Björnsson, skólastjóri

Reykjavík 18. maí 2026

Umsögn skólaráðs Laugalækjarskóla um að starfsemi Dalbrautarskóla við BUGL færist frá Brúarskóla yfir til Laugalækjarskóla.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborg hefur óskað eftir umsögn skólaráðs Laugalækjarskóla um skipulagsbreytingu á skólastarfinu. Sjá fylgjandi greinargerð frá SFS sem fylgiskjal við þessa umsögn.

Undanfarna áratugi hefur borgin rekið sérstakt skólaúrræði í samstarfi við Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL), staðsett á Dalbraut í/við húsnæði BUGL. Hér að neðan er úrræðið nefnt Dalbrautaskóli og hann sækja nemendur sem eru í innlögn á BUGL. Dalbrautarskóli hefur formlega séð verið rekið undir merkjum Brúarskóla en það er ekki talið skila gagnkvæmum ávinningi, mögulega vegna landfræðilegrar fjarlægðar. Nýleg úttekt KPMG á starfsemi Brúarskóla leggur til breytingar á þeim ráðahag.

Áformað er að gera Dalbrautarskólann að sérstakri deild við Laugalækjarskóla, sem er staðsettur skammt frá BUGL.

Fylgjandi er umsögn skólaráðs Laugalækjarskóla um fyrirhugaðar breytingar. Ráðið vill gera þann fyrirvara á umsögninni að upplýsingar sem við höfum eru mjög takmarkaðar. Fljótt á litið þótti ráðinu fylgjandi atriði þó veigamest.

Mögulegir jákvæðir þættir samrekesturs Dalbrautarskóla og Laugalækjarskóla virðast okkur geta verið eftirfarandi:

- Fagþekking starfsfólks beggja eininga gæti nýst hinni einingunni. Starfsfólk Dalbrautarskólans gæti ráðlagt Laugalækjarskóla nálgun varðandi nemendur í viðkvæmri stöðu og sömuleiðis gæti Dalbrautarskólinn sótt þekkingu og efni um nám og kennslu til Laugalækjarskóla.
- Óvarlegt er að gera ráð fyrir miklum samgangi milli nemenda skólanna tveggja en engu að síður gætu hér leynst lítil en dýrmæt sóknarfæri.
- Að einhverju leyti gæti aðgangur Dalbrautarskólans að húsnæði Laugalækjarskóla gagnast Dalbrautarskólanum, með fyrirvara um að það henti nemendum í innlögn.
- Að einhverju leyti gæti mannaflí nýst á báða bóga, með ríkum fyrirvara um sérfræðiþekkingu, öryggi og trúnaðarskyldur.
- Ef Laugalækjarskóli getur stutt Dalbrautarskólann með einhverju móti gæti það aukið stolt nemenda, foreldra og starfsfólks.

Aðrir þættir sem huga þarf sérstaklega að eru nokkrir. Þrátt fyrir að skólaráðið hafi takmarkaðar upplýsingar um starfsemi Dalbrautarskólans er ljóst að um er að ræða smáa og viðkvæma einingu sem starfar í mjög flóknu stofnanasamhengi. Skólaráðinu sýnist að til að starfsemi Dalbrautarskólans gangi vel þurfi m.a. að tryggja eftirfarandi:

- Hnökralaust samstarf og samkomulag ríkis-, borgar og jöfnunarsjóðs um fjármögnun einingarinnar og framtíðar húsnæði.
- Hnökralaust samstarf skólakerfis, heilbrigðiskerfis og velferðarkerfis um viðkvæm mál.
- Þjónustubörf og þjónustuskyldur Dalbrautarskólans þurfa vera vel skilgreindar og fyrirliggjandi.
- Að til sé skýrt skilgreind stjórnunarþörf og þörf fyrir faglega forystu.
- Skýra skilgreiningu á því hver hefur yfirumsjón með húsnæði Dalbrautarskólans og hvaða aðilar veiti nauðsynlega þjónustu hvað varðar húsnæði.
- Skýrt skilgreint hvernig tekjur myndast og hvaða gjöld séu eðlileg, þannig að hvorug einingin tapi á hinni.
- Að nægur mannaflí og fjármagn sé til staðar út frá reynslu síðustu ára/áratuga. Hafa tvö stöðugildi ávallt reynst nóg mönnun?
- Skilgreining á hlutverki stjórnenda Laugalækjarskóla gagnvart Dalbrautarskólanum.

Skólaráðið leggur til að ef til sameiningar kemur verði haldnir 3-4 matsfundir með helstu hagaðilum yfir fyrsta skólaárið til að meta reynsluna og eftir fyrsta skólaárið verði tekin saman stutt skýrsla um reynsluna.

Verði ekki sátt um nýtt fyrirkomulag eftir 2 eða 3 skólaár þá þarf að endurskoða það frá grunni.

Um allt ofangreint ætti að vera til undirrituð yfirlýsing/samningur/leiðarvísir milli Laugalækjarskóla og SFS.

Samantekt: Skólaráð Laugalækjarskóla sér margt jákvætt við fyrirhugaðar breytingar en hvetur til þess að umgjörð starfseminnar verði hönnuð af reisu og festu.

f.h. skólaráðs Laugalækjarskóla 2025 - 2026

Jón Páll Haraldsson skólastjóri

Jenný Guðrún Jónsdóttir fulltrúi kennara

Stefán Steingrímur Bergsson fulltrúi kennara

Guðmundur Valdimar Rafnsson fulltrúi almenns starfsfólks

Heiðlóa Ásvaldsdóttir fulltrúi foreldra

Fylgiskjal – minnisblað SFS um breytingarnar

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi fyrirkomulag kennslu nemenda sem eru í innlögn á BUGL

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerð verði sú breyting á fyrirkomulagi kennslu nemenda sem eru í innlögn á BUGL að í stað þess að hún verði hluti af starfsemi Brúarskóla verði hún hluti af starfsemi Laugalækjarskóla og heyri undir skólastjóra þess skóla.

Breytingin tekur gildi frá 1. ágúst 2026.

Greinargerð:

Lagt er til að kennsla nemenda sem eru í innlögn á BUGL verði færð undir Laugalækjarskóla með það að markmiði að styrkja faglegt starf, skýra stjórnskipulag og bæta gæði þjónustunnar. Tillagan byggir bæði á niðurstöðum úttektar KPMG, dags. júní 2023 og á niðurstöðum funda á milli skólastjóra Brúarskóla, skrifstofustjóra fagskrifstofu, fagstjóra norðurmiðstöðvar og starfsfólks á Dalbraut.

Í núverandi fyrirkomulagi á Dalbraut fer í raun fram sjúkrakennsla án þess að starfsemin sé formlega skilgreind sem slík, sem veldur óskýrleika í hlutverki og ábyrgð. Þá er starfsemin að verulegu leyti ótengd Brúarskóla hvað varðar stjórnun og faglegt samstarf, sem hefur leitt til takmarkaðrar yfirsýnar skólastjóra og veikrar tengingar við stoðkerfi skólans.

Fjöldi áskorana kallar á breytingar, þar á meðal ófullnægjandi húsnæði, skortur á skýru og faglegu inntökuferli, og umgjörð sem er ekki í samræmi við forsendur skóla- og frístundasviðs. Einnig þarf að skerpa á samsetningu nemendahópsins, m.a. með tilliti til skiptingar milli sveitarfélaga og framhaldsskólastigs.

Samtal hefur verið við BUGL um að starfsemi Dalbrautarskóla verði færð undir Laugalækjarskóla en kennsla verði áfram í húsnæði Dalbrautarskóla. BUGL hefur kallað eftir að Reykjavíkurborg setji niður lausar einingar við spítalann vegna innvistarvanda í skólahúsnæði. Húsnæði skólans er komið til ára sinna og er þörf á endurbótum þar. Svarað hefur verið að skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar muni ekki kosta til við uppbyggingu skólahúsnæðis við Dalbraut.

Með því að færa starfsemina undir Laugalækjarskóla, sem er staðsettur í nágrenni við Dalbraut, skapast betri forsendur fyrir virkt faglegt samstarf, betri yfirsýn stjórnenda, skýrari umgjörð um starfið og markvissari nýtingu stöðugilda. Markmiðið er að tryggja að starfsemin sé í samræmi við kröfur skóla- og frístundasviðs og að nemendur fái samfellda og faglega þjónustu.

Starfsemin í Dalbraut

Í Dalbraut er sjúkrakennsla á Barna- og unglिंगageðdeild Landspítala Háskólasjúkrahús (BUGL). Þar fá börn sem eru innlögð á Barna- og unglिंगageðdeild sérhæft kennsluúrræði. Um er að ræða sjúkrakennslu á meðan innlögn varir. Kennslan fer fram í skólahúsnæði við Dalbraut.

Stöðugildin þar eru tvö í dag, listgreinakennari í 100% starfi og síðan deildarstjóri (kennsla 50% og stjórnun 50%). Gert er ráð fyrir að starfsfólk fái flutning á nýjan starfsstað, það er frá Brúarskóla til Laugalækjarskóla.

Deildarstjóri/kennarar eru í nánun samstarfi við fagaðila á BUGL

Almennt mæta nemendur í skólann klukkan 8.50 en það er þó breytilegt eftir aðstæðum hvers og eins. Nemendafjöldi við skólann er jafnframt mjög breytilegur. Í dag eru skráðir 5 nemendur við skólann. Fjöldi nemenda er þó einnig breytilegur eftir dögum.